



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.10.2014  
Tilvísun vor: 00.11

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda. Þingskjal 16 -16. mál, 144. löggjafabing 2014 – 2015**

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn fyrirtækisins um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda.

Í samræmi við stefnu Landsvirkjunar hefur fyrirtækið unnið skipulega að því að fjölga viðskiptavinum þess í gagnaversiðnaði. Undanfarin ár hafa fjölmargir stjórnendur alþjóðlegra upplýsingatæknifyrirtækja sýnt áhuga á að staðsetja gagnaver sín á Íslandi auk þess sem ráðgjafar í gagnaversiðnaði, rekstraraðilar gagnavera og fleiri aðilar hafa heimsótt Landsvirkjun og Ísland í sama tilgangi. Landsvirkjun hefur unnið með öllum helstu hagsmunaaðilum innanlands með það að markmiði að stækka gagnaversiðnaðinn enda trú fyrir tækisins að ef vel takist til munu innan nokkurra ára vera starfræktur fjöldi alþjóðlegra gagnavera hér á landi með tilheyrandi verðmæta- og atvinnusköpun. Landsvirkjun hefur í þessu ferli öðlast góðan skilning á því hvaða atriði alþjóðleg fyrirtæki í upplýsingatækniiðnaði leggja áherslu á þegar að þau velja staðsetningu fyrir gagnaver.

Á Íslandi eru sérstaklega hagstæð grunnskilyrði til þess að reka gagnaver. Samkeppnishæfir langtímasamningar um orkukaup, kalt loftslag, gagnatengingar, staðsetning landsins og fleiri atriði gera rekstrarkostnað gagnavera mjög samkeppnishæfan á heimsvísu. Þó hafa á undanförunum árum stór alþjóðleg fyrirtæki í upplýsingatækniiðnaði valið að reisa gagnaver í nágrannalöndum okkar frekar en hér á landi. Á meðal annarra atriða sem fyrirtæki huga sérstaklega að er viðskiptaumhverfi viðkomandi lands, þ.m.t. fyrirkomulag skatta sem og lagaleg umgjörð um erlenda fjárfestingu.

Landsvirkjun styður markmið þingsályktunartillögunnar og fagnar umræðu um þau tækifæri sem felast í nýtingu internetsins og áhrif þess til aukins hagvaxtar.

Virðingarfyllt

Ragna Árnadóttir  
aðstoðarforstjóri